



Alþingi

Erindi nr. D 117 / 104

komudagur 23/3 1994

Stykkishólmi 21.mars, 1994.

Umhverfisnefnd Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Varðar frumvarp til laga um verndun Breiðafjarðar.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur tekið til umfjöllunar drög að ofangreindu frumvarpi.

Bæjarstjórn telur, að samþykkt frumvarps þessa sé til bóta fyrir Breiðafjörð.

Hafa þarf í huga og ef til vill gera sérstaka grein fyrir því, að á engan hátt sé verið að takmarka nýtingu auðlinda fjarðarins, s.s. botndýra, sem nú eru nýtt eða nýtanleg verða talin síðar, einnig sé ljóst, að ekki sé verið að takmarka möguleika smábáta til veiða. Jafnframt verði ekki takmörkuð sérstaklega forræði sveitarstjórna yfir málaflokkum, sem undir þær heyrja, s.s. bygginga- og skipulagsmál.

Þá telur bæjarstjórn Stykkishólms nauðsynlegt, að tekið sé tillit til umferðar ferðamanna um svæðið og nauðsynlegt er, að unnið verði að skipulagi ferðaþjónustu í samráði við hagsmunaaðila, bæði ferðaþjónustuaðila og landeigendur.

Bæjarstjórn Stykkishólms ákvað, að efni frumvarps þessa ætti erindi til allra bæjarbúa og var þá ákveðið að birta frumvarpsdrögin í heild í " Stykkishólms-póstinum " og óska eftir athugasemdum eða ábendingum.

Eftirtaldir aðilar sendu skriflegar ábendingar:


Jón Magnússon, lögfræðingur,

Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Eyjaferða s.f.

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur.

Ofangreindar ábendingar eru hjálagðar og þykir bæjarstjórn rétt að taka tillit til ýmissa atriða, sem þar koma fram. Jafnframt er afrit af ofangreindri auglýsingu vegna kynningar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,


Ólafur Hilmar Sverrisson,
bæjarstjóri.

Afrit sent Umhverfissráðuneyti.

Stykkishólmi 26. janúar 1994

Bæjarstjórn Stykkishólms,
Ólafur Hilmar Sverrisson, bæjarstjóri.

Efni: Vegna auglýsingar í Stykkishólmspóstinum 20. janúar 1994.

Vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga til verndunar Breiðafjarðar vill undirritaður koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:


Almennt er varað við því að setja á stofn nefnd færra manna, sem eiga að hafa alræðisvald í skjóli umhverfisráðherra til að ráðskast með ákvarðanir til verndunar Breiðafjarðaeyja. Það getur haft í för með sér stöðnun á uppbyggingu ferðamannþjónustu og fjölmargra annarra þátta.

Samkvæmt 5. gr. draganna er gert ráð fyrir að hugsanlega megi loka svæðum í firðinum fyrir aðgangi ferðamanna. Við teljum að ákvæði eins og þetta gefi einstaka "eyjakóngum" tækifæri til þess að koma fram, oft vafasömum, hugmyndum um verndun sinna eyjaklassa oft án nokkurs rökstuðnings. Við þekkjum dæmi þess að upp hafa komið ótrúlegar kröfur og athugasemdir sem menn hafa viljað getað komið í gegn og með þessu sé verið að gera þeim það kleift.

Við erum því hlynnt að Breiðafjarðaeyjar geti sem lengst verið óspillt náttúruparadís, en hinsvegar teljum við reglur um boð og bönn, umfram þær náttúruverndarreglur sem fyrir eru í landinu, komi ekki til með að þjóna neinu nema einkahagsmunum sumra eyjaeigenda.

Við teljum að Breiðafjarðaeyjar séu þjóðareign og það sé ekki réttlætanlegt að ætla sér að búa þannig um hnútana að allur almenningur geti ekki notið þess að fara um þetta svæði á skynsamlegan máta.

Virðingarfyllst,
Fh. Eyjaferða.



Pétur Agústsson

Stykkishólms Pósturinn

ÚTG. PRENTSMÍÐJAN STYKKISHÓLMI hf.

FRÉTTAHOORNID

STYKKISHÓLMUR

BÆRINN VIÐ EYJARNAR

Átak í ferðapjónustu á afmælisári íslenska lýðveldisins og ári fjölskyldunnar!

Í gangi er á vegum Samgönguráðuneytisins átak til að stuðla að auknum ferðum Íslendinga innanlands undir slagorðinu: "Ísland-sækjum það heim".

Hluti af verkefninu er að safna upplýsingum um ýmsa atburði sem eru á döfinni á Íslandi, og þá ekki síður í Stykkishólmi en annars staðar. Þessu verður öllu safnað saman í aðgengilegt kynningarrit, sem gefið verður út í aprílbyrjun og dreift inn á hvert heimili í landinu.

Ef við viljum efna til einherrar sérstakrar dagskrár eins og t.d. hestamannamóts, útihátíðar, reyptogs eða jafnvel hátíðarinnar "Húllað í Hólminum", þá er ekkert mál að koma því inn í þetta rit, en skilafrestur er til 31. janúar. Það er því ekki seinna vænna að fara að ákveða hvað á að gera á árinu, en það er undir okkur sjálfum komið hversu mikla umfjöllun við fáum.

Til að kynna þetta verkefni enn frekar mun Tómas Guðmundsson framkvæmdastjóri átaksins verða hér á morgunverðarfundi í fyrramálið kl. 08.00 og vill Ferðamálanefndin hvetja sem flesta Hólmara til að mæta á þennan fund.

Í framhaldi af þessum fundi mun Ferðamálanefndin síðan koma saman ásamt ferðapjónustuaðilum hér í Stykkishólmi, þar sem lagt verður frekar á ráðin hvað gera skuli til að notfæra sér þetta einstaka tækifæri til að kynna bæinn okkar sem best. Nú er um að gera að mæta vel og koma hugmyndum okkar á framfæri.

Sjáumst eldhress á föstudagsmorgni með fullt af góðum hugmyndum, bænum okkar til framdráttar og hagsbóta!

F.h. Ferðamálanefndar
Svanborg Siggeirsdóttir, formaður.

ÞYRLA LENTI Á ÍPRÓTTAVELLINUM

Á mánudaginn lenti þyrla Landhelgisgæslunnar öllum að óvörum á íþróttavelli bæjarins. Hún var í hefðbundnu æfingarflugi þegar ísing í lofti var komin nálægt hættumörkum og flugmennirnir ákváðu að lenda í Stykkishólmi. Áhöfin, fjórir menn, gistu á Hótel Stykkishólmi og flugu síðan fljótlega eftir hádegisdag á þriðjudag til Reykjavíkur.

VARÚÐ Á VEGUM

Í samtali við lögregluna kom fram að vegna umhleypinga er nauðsynlegt fyrir bílstjóra að vera sífellt á varðbergi. Þá vill lögreglan vara bílstjóra við hrossum, sem gagna laus við þjóðvegina og nú sérstaklega fyrir sunnan fjall. Greinilegt er á ummerkjum að bifreiðum hefur verið ekið út af á þeim kafla þar sem hrossin halda sig svo að mesta mildi hefur verið að ekki yrðu slys á fólki og skepnum.

TÍMAMÓT Í STÚKUNNI HELGAFELLI

Síðast liðinn mánudag voru tímamót í starfi stúkunnar Helgafell. Forystumaður hennar, Árni Helgason, hefur ákveðið að gera hlé á störfum hennar, en hann hefur veitt henni forystu í tæp 40 ár. Ekki er auðsýnt hver tekur við forystunni af honum. Árni vill þakka öllum þeim sem hafa stutt hann í stúkustarfinu í Helgafelli ánægjulegt samstarf.

Árni segir að Barnastúkan Björk muni halda áfram að starfa í samráði við Grunnskólann í Stykkishólmi eins og verið hefur.



STYKKISHÓLMSBÆR

MORGUNVERÐARFUNDUR

Föstudaginn 21. janúar kl. 8.00 - 9.30 verður haldinn morgunverðarfundur á Hótel Stykkishólmi.

Fundarefni: Átak í ferðapjónustu á árinu 1994.

Markmið með átakanu er að auka ferðalög Íslendinga um eigið land. Á fundinn mætir Tómas Guðmundsson, framkvæmdastjóri ferðaátaksins.

Morgunverðarfundir eru öllum opnir meðan húsrúm leyfir.

Bæjarstjóri.



Stykkishólmsbær auglýsir

Á fundi umhverfisráðherra í Stykkishólmi þann 12. janúar með fulltrúum sveitarstjórna og náttúruverndarnefnda frá Snæfellsnesi, Dalasýslu og Reykhólahreppi voru lögð fram til kynningar drög að frumvarpi til laga um verndun Breiðafjarðar.

Bæjarráð Stykkishólms ákvað á fundi sínum þann 13. janúar, að drög þessi yrðu birt opinberlega, til þess að allir, sem hagsmuna hafa að gæta, geti kynnt sér þau.

DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA VERNDUN BREIÐAFJARÐAR

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Hrafnanesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Búlandshöfða að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisráðuneyti fer með stjórn mála er varða verndun Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Ráðuneytið nýtur aðstodar Breiðafjarðarnefndar sem umhverfisráðherra skipar til fjöggurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn skipaður eftir tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellsnessýslu og einn eftir tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands/Landvörslu ríkisins. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skipa skal jafn marga menn til vara á sama hátt.

Breiðafjarðarnefnd er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Tillagna Breiðafjarðarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að verndun Breiðafjarðar. Nefndin skal árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

4. gr.

Á landsvæði því, sem um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema til komi leyfi umhverfisráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar.

Heimilar eru þó frumkvæmdir sem nauðsynlegar og edlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruminum að dómi Breiðafjarðarnefndar.

Þá eru heimilar, án sérstakst leyfis, byggingar og önnur mannvirkjagerð samkvæmt staðfestu skipulagi.

5. gr.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar, reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess er lögð taka til. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna á tilteknum stöðum á svæðinu.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. (Taka þarf sérstaklega fram hvernig fara skuli með kostnað vegna Breiðafjarðarnefndar).

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að xxx krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli, sem er ólöglegt.

8. gr.

Að öðru leyti fer um verndun Breiðafjarðar eftir reglum í lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd.

P.S. Spurning hvort setja eigi inn ákvæði um rannsókn- eða fræðslustöð, sem rekin yrði í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Umhverfisráðherra hyggst leggja þetta frumvarp fyrir á Alþingi fljótlega og hefur óskað eftir, að umsagnir sveitarstjórna berist sem fyrst,

Bæjarstjórn Stykkishólms mun fjalla um þessi frumvarpsdrög fljótlega og er þess hér með óskað, að þeir, sem vilja koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum, komi þeim til undirritaðs fyrir 31. janúar n.k.

Stykkishólmi, 14. janúar 1994.

Ólafur Hilmar Sverrisson,
bæjarstjóri.


ATHUGASENDIR

við "Drög að frumvarpi til laga varndun Breiðafjarðar".

— 000 —

- I 1. gr. óbætt. Ef tilgangur laga kemur ekki fram í texta þeirra, eru þau merktlaus og óbætt.
- II 3. gr.: . . . fimm menn, skipaðir eftir tillögum Véraðsnefnda Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barða- strandarsýslu, einn að tillögu hversrar um sig, og einn eftir tilnefningu Umhverfisráðherra skiptar formenn nefndarinnar én tilnefningar.
- III 4. gr. 2. mgr. bætt, að sækja verður um leyfi til Breiðafjarðar- nefndar, eða tilkynna henni vntanlegar framkvæmdir með nægum fyrirvara.
- IV 6. gr.: Texti innan () falli út.
- V 7. gr.: . . . 10.000 . . .

Stokkhólm, 30. janúar 1994,



Bæjarstjórn Stykkishólms
Hr. Ólafur Hilmar Sverrisson, bæjarstjóri

Ábendingar um frumvarpsdrög

Ágæta bæjarstjórn;

Drög að frumvarpi til laga um verndun Breiðafjarðar er að mínu álitu mikilvægt skref til að setja einhvern ramma utan um nýtingu og verndun Breiðafjarðareyja. Þetta er, eins og flestir vita, stórmál sem menn hafa lengi forðast eins og heitan graut. Mér er þessi barátta kunnug allt frá 1973 þegar Flateyjarhreppur hinn gamli leitaðist við að fá þriggja mílna sjóhelgi og veiðiheigi, en var synjað.

Drögin sem hér eru til umræðu segja mér hins vegar fremur lítið annað en að umhverfisráðherra ásamt Breiðafjarðarnefnd eigi að hafa umsögn um þetta og hitt. Allt virðist það snúast um náttúruvernd - nema þegar kemur að lögbýlum. Ástæða væri að skoða þessi mál mjög náið en þess gefst ekki kostur og því beini ég þessu álitu mínu til bæjarstjórnar ef hún kynni að hafa gagn af bréfi þessu í þessu veigamikla máli þegar hún mótar stefnu sína. Þrennt sýnist mér ástæða að skoða betur í þessum drögum.

Í fyrsta lagi: Það er athyglisvert að Vestur-Þarðastrandasýsla á engan fulltrúa í nefndinni, en henni tilheyra Sauðeyjar, Hagadrápssker og allnokkrar eyjar við Hjarðarnes. Hitt þykir mér þó lakara að hvergi sé ég neitt sem bendir til þess að fagmaður um húsavernd og þjóðminjar sitji í þessari nefnd sem hefur á sínum snærum eitt best varðveitta svæði um fornminjar og gömul hús á Íslandi. Náttúrufræðistofnun Íslands á, að sjálfsögðu, að eiga þarna hlut að máli en það er ámælisvert að mínum dómi að líta á eyjarnar einungis sem náttúrufyribæri. Þær eru ekkis síður vörslugarður um mannvirki fyrri tíða og vafalítið stórmerkar sögulegar minjar sem eru undir grænni torfu og í sjó. Af þessum ástæðum tel ég nauðsynlegt að fjölga um tvo í nefndinni.

Mér finnst vanta ákvæði um hlutverk þessarar nefndar og hvaða framtíðarsýn á að gilda. Kannski er erfitt pólitískt að setja um þetta ákvæði vegna þess að hentistefna er svo ríkjandi hér á landi. En vonandi ber mönnum gæfa til að sjá Breiðafjarðarmál í stóru samhengi. Ég sé fyrir mér nefnd sem hefur það að markmiði að vernda náttúru eyjanna; vernda og stuðla að varðveislu gamalla húsa og annarra mannvirkja; stuðla að rannsóknnum á jarðfræði og lífríki eyja og fjarðar; stuðla að fornleifarannsóknnum á öllum byggðum eyjum, með Flatey í fararbroddi. Stuðla að endurreisn fornra mannvirkja svo sem lendingum, sjóvarnargörðum, verbúðum, hleðslum af ýmsum toga með það í huga að endurreisa að einhverju leyti svipmót fyrri tíða. Ef um er að ræða sumarhús þyrfti að taka tillit til þessa og koma algjörlega í veg fyrir nýtískuleg hús, eins og, því miður, er að finna í Flatey. Í þessari framtíðarsýn er ekki fráleitt að hugsa sér með hvaða hætti endurreisn búsetu í Flatey er möguleg, en eins og allir vita mun hún hanga á bláþræði eins og nú er haldið á málum.

Í öðru lagi: Fjórða grein frumvarpsdraga heimilar framkvæmdir sem taldar eru "eðlilegar og nauðsynlegar" búskap á lögbýlum nema að þær valdi spjöllum á náttúruminum. Þetta ákvæði er allsendis ófullnægjandi.

Náttúruminjar eru sérstök og óvenjuleg fyrribæri í náttúrunni. Mýrar eru ekki endilega náttúruminjar, svo dæmi sé tekið, og einstaka bændur í


eyjunum láta sig enn dreyma um að ræsa fram mýrar og brjóta land undir tún. Engar náttúruminjar mundu skaddast en samt gæti það valdið alvarlegum umhverfisspjöllum að ræsa fram mýri eða brjóta land. Vatn er af skornum skammti, skordýralíf er háð mýrlendi og þá um leið fuglalíf. Fornminjar eiga þarna í hlut líka því ekkert bannar það að rústa forma ásynd landsins sem ekki er þegar friðlýst. Stórslys hafa orðið í sögufrægri Flatey vegna þess að bændur tóku ekki tillit til fornra mannvirkja sem ekki voru friðlýst. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að eiga mjög gott samstarf við bændur um hvers kyns breytingar á mannvirkjum og landi og ráðleggja þeim í anda verndunar. Bændur eru aðilar sem helst breyta ásynd lands og þess vegna eiga ákvæði um allar slíkar framkvæmdir að vera ströng. Það hefur verið vandálitið að búa í eyjunum til þessa án þess að spilla stórlega landi, húsum og öðrum mannvirkjum, en þegar það hefur gerst hafa menn að jafnaði staðið snauðari eftir.

Í þriðja lagi: P.S. ákvæði eða spurning í frumvarpsdrögum um rannsókn- eða fræðslustöð gæti verið ákaflega mikilvægt atriði fyrir Stykkishólm. Ferðamálanefnd Stykkishólms hefur lagt til við bæjarstjórn að hér verði stofnaður jarðfræðigarður og/eða náttúrugripasafn. Í meðfylgjandi greinargerð er þess getið að ástæða sé til að skoða ákvæði laga og hugmyndir um að stofna hér einnig náttúrustofu fyrir Vesturland. Þá var hugmyndin laustengd Breiðafjarðareyjum, en nú er hún bráðnauðsynlegt samhengi. Slík náttúrustofa myndi teygja arma sína út um allar eyjar Breiðafjarðar. Hins vegar væri nauðsynlegt að hafa einnig aðsetur miðsvæðis, í Flatey. Ég vil því beina athygli bæjarstjórnar að mikilvægi þess að skoða hugmyndir um jarðfræðigarð-náttúrugripasafn-náttúrustofu í tengslum við verndun Breiðafjarðareyja.

Náttúrustofa myndi binda Stykkishólm enn fastari böndum við Flatey og gæti með tímanum þróast í mjög nán atvinnuleg og menningarleg tengsl við eyjarnar. Þá væri einnig eðlilegt að minjavörður í Stykkishólmi hefði á sínum snærum eyjarnar óteljandi. Stykkishólmur er miklu eðlilegri samstarfsaðili við eyjarnar en Reykhólar vegna samgangna og samskipta, og hér ætti miðstöð sveitastjórnamála Breiðafjarðareyja tvímælalaust að vera.

Óska ykkur góðs gengis.

Vinsamlegast,



Guðmundur Páll Ólafsson
Iðavöllum,
Neskinn 1, Stykkishólmi